



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 10. nóvember 2020

SFS2020100064

195. fundur

HG/img/ehp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ósk um breytingu á rekstrarleyfi leikskólans Krílasels

Fyrir liggur beiðni frá ungbarnaleikskólanum Krílaseli um breytingu á rekstrarleyfi leikskólans.

Núverandi rekstrarleyfi leikskólans frá desember 2018 gerir ráð fyrir 20 börnum samtímis á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða.

Sótt er um fjölgun barna upp í 25 börn samtímis. Fermetrafjöldi leikskólans uppfyllir viðmið skóla- og frístundasviðs um rými 25 barna. Leikskólinn skilaði námskrá árið 2018 og hefur skilað starfsáætlun í samræmi við reglur þar um. Við eftirlit heilbrigðiseftirlits eru ekki athugasemdir við leikskólann.

Skv. fyrirbyggjandi gögnum á skóla- og frístundasviði er svigrúm til að fjölga börnum úr 20 í 25 samtímis, og væri þá verið að reikna með rúmlega 3,5 fm í leikrými á hvert barn. Þá hefur útileiksvæði leikskólans verið stækkað um 225 fm frá því að leyfi var fyrst gefið út. Af framangreindu virtu ætti húsnæðið að rúma umbeðna fjölgun barna.

Af hálfu skóla- og frístundasviðs er ekki gerð athugasemd við að rekstrarleyfi verði breytt og börnum fjölgað úr 20 í 25.